



Hvað viljum við?

13. desember 2008- bókmenntakynning MFÍK

Félagið okkar var stofnað 1951 í Reykjavík í anda Alþjóðarsambands lýðræðissinnaðra kvenna - en A.L.K. varð til 1945 í París. Þar voru samankomnar konur frá 41 þjóðlandi sem allar höfðu verið í fangabúðum nasista í síðari heimstyrjöldinni. Í fangabúðunum strengdu þær þess heit að leggja sitt að mörkum til heimsfriðarins, kæmst þær lifandi úr búðunum.

Kjarninn í stefnu og starfi M.F.Í.K. er friður.

Við viljum frið.

Við viljum afvopnun.

Við viljum að öll kjarnorkuvopn verði eyðilögð og bann lagt við framleiðslu efnavopna og sýklahernað. Við viljum að konur sem karlar beiti samtakamætti sínum til að vinna að

friði og stuðli að samstarfi allra þeir hópa og einstaklinga sem vilja taka upp baráttu fyrir friði og afvopnun. Öll erum við ábyrg fyrir því hvort þjóðfélagið sem við tökum þátt í að móta stefnir að stríði eða friði.

Gífurlegum fjármunum er varið til vígbúnaðar meðan stór hluti mannkyns sveltur. Vígbúnaðarkapphlaupið magnast þó þau vopn sem þegar eru til nægi margfaldlega til að útrýma mannkyninu. Þúsundir vísindamanna nota hugvit sitt og krafta til að fullkomna vopn sem geta eytt öllu lífi á þessari jörð.

Þetta er ógnun sem mannkynið stendur andspænis og hún er verk okkar manna sjálfra. Við verðum því sjálf að snúa þessari þróun við. Við verðum að taka höndum saman konur sem karlar og vinna markvisst að því að ókomnar kynslóðir fái að byggja þessa jörð. Okkur er ljós sá styrkur sem felst í samtökum fólks og því skorum við á alla að hugleiða þessi mál og taka þau til umræðu og umfjöllunar hvar og hvenær sem því verður viðkomið.

Margrét Pálína Guðmundsdóttir